

Sveinbjörn ferðabangsi



Sveinbjörn er ferðabangsi Flataskóla og hann hefur aðsetur á bókasafninu en hann langar til að gerast víðförull og ferðast sem mest bæði **innan lands sem utan** með aðstoð nemenda og starfsfólks Flataskóla.

Til að ferðast með Sveinbjörn þarf að sækja um það á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á bókasafninu en jafnframt verður lántaki að ganga að nokkrum skilyrðum. Sá sem ferðast með Sveinbjörn verður að fara ákaflega vel með hann og skila honum í sama ástandi og hann tók hann ásamt því að **skila inn ferðasögu og ljósmynd** af sér og Sveinbirni. Ljósmyndin á helst að vera einkennandi fyrir þann stað sem er heimsóttur. Nemendur verða að hafa einhvern fullorðinn einstakling sem gerist ábyrgur fyrir Sveinbirni og best er að ábyrgðarmaðurinn sé líka í ferðinni sem farin er.

Nemendur sem ferðast með Sveinbjörn þurfa að fylla út eyðublað og skila því inn á bókasafn um leið og það hefur verið undirritað af ábyrgðarmanni. Hægt er að nálgast eyðublað á bókasafni eða á heimasíðu skólans. Það má leggja inn umsókn tímanlega og tryggja þannig að Sveinbjörn sé laus þegar stefnt er að ferðalagi. Komi upp sú staða að tveir nemendur leggi inn umsókn til að ferðast með Sveinbjörn á sama tíma mun tvennt ráða úrslitum. Í fyrsta lagi hvort Sveinbjörn hafi ferðast áður til þeirra staða sem um ræðir. Í öðru lagi verður tekið tillit til þess hvort nemandi hefur áður ferðast með Sveinbjörn.

Við vonumst til að þið sjáið ykkur fært um að aðstoða Sveinbjörn við að ferðast og ef þið hafið frekari spurningar um þetta verkefni er ykkur velkomið að hafa samband.

Kær kveðja,

Ingibjörg og Ragna

ingibjorgb@flataskoli.is

ragnag@flataskoli.is